



Minnisblað

Dagsetning: 11. maí 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 2001208/6.1.1

Efni: **Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi ferðatakmarkanir vegna komu ferðamanna til Íslands eftir 15. maí 2020**

Þann 21.4.2020 setti heilbrigðisráðherra reglur nr. 362/2020 um sóttkví og einangrun ferðamanna vegna COVID-19. Í 3. gr. reglnanna er kveðið á um að öllum einstaklingum sem koma til Íslands frá löndum sem skilgreind eru af sóttvarnalækni sem há-áhættusvæði er skylt að fara í sóttkví í 14 daga frá komu til landsins. Í dag eru öll lönd utan Íslands skilgreind sem há-áhættusvæði.

Í 5. og 6. grein reglnanna er kveðið á um nánari framkvæmd sóttkvíar og undanþágur frá sóttkví vegna samfélaga ómissandi innviða og efnahagslegra mikilvægra starfsema.

Í dag er staðan sú að tekist hefur að ráða niðurlögum COVID-19 faraldursins hér á landi þannig að einungis stök eða engin tilfelli eru að greinast hér á degi hverjum. Þetta hefur tekist með sameiginlegu átaki og samstöðu þjóðarinnar sem felur í sér víðtæka skimun gegn sjúkdómnum, einangrun sýktra, víðtækri smitakningu og sóttkví þeirra sem útsettir hafa verið fyrir smiti. Auk þess hefur verið beitt víðtækum sýkingavörnum af hálfu almennings og ströngum samkomutakmörkunum.

Því er ljóst að aflétta þarf ýmsum hömlum sem hér hafa verið lögfest þ. á m. hömlum á ferðamenn til landsins. Á sama tíma þarf að tryggja eins og kostur er að COVID-19 sjúkdómurinn berist ekki hingað til lands en víðast hvar geisar faraldurinn í mun meira mæli en hér á landi.

Verkefnahópur, undir stjórn forsætisráðuneytisins, hefur verið að störfum undanfarið til að kanna hvaða leiðir væri hægt að fara til að aflétta hömlum á komur ferðamanna hingað til lands. Ýmsar athyglisverðar hugmyndir hafa komið þar fram sem ekki hefur tekist að ræða til fullnustu og ekki verður hægt að hrinda í framkvæmd fyrir 15. maí n.k. en þá falla úr gildi núverandi reglur um sóttkví og einangrun vegna COVID-19.

Sóttvarnalæknir leggur því til að núverandi reglur verði framlengdar frá 15. maí til 15. júní 2020 eða þar til hægt verður að hrinda í framkvæmd öðrum langtímareglum um takmörkun ferðamanna. Í tengslum við framlengingu reglnanna þá telur sóttvarnalæknir einnig eðlilegt að Grænland og Færeyjar verði tekin af lista um lönd sem skilgreind eru sem há-áhættusvæði og verði því undanþegin ákvæðum um sóttkví.

Lagt er til að eftirfarandi breytingar komi fram í nýjum reglum um sóttkví og einangrun vegna COVID-19:

- Sóttvarnalæknir geti veitt fyrirtækjum og stofnunum takmarkaða undanþágu frá sóttkví vegna einstakra starfsmanna þrátt fyrir tengingu við COVID-19 tilfelli þegar um er að ræða samfélagslega ómissandi innviði sem mega ekki stöðvast vegna lífsbjargandi starfsemi, svo sem raforku, fjarskipta, samgangna, heilbrigðisstarfsemi, löggæslu, sjúkraflutninga og slökkviliða.
- Sóttvarnalæknir geti veitt einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum hér á landi takmarkaða undanþágu frá sóttkví vegna erlendra verktaka eða starfsmanna sem koma frá áhættusvæðum erlendis frá. Aðstæður við störf hér á landi þurfa að vera í samræmi við leibeiningar um sóttvarnaráðstafanir sem gefnar eru út af sóttvarnalækni.

- Sóttvarnalæknir geti veitt einstaklingum eða hópum sem koma hingað til starfa við afmörkuð verkefni á vegum erlendra aðila heimild til að vera í sóttkví við störf skv. sérstökum leiðbeiningum sóttvarnalæknis. Skilyrði fyrir slíkri heimild er að meðlimir hóps séu hver um sig undanþegnir ferðatakmörkunum hingað til lands skv. 1. grein reglugerðar nr. 238/2020. Dæmi um slíka hópa eru:
 - Íþróttalið sem koma hingað til æfinga
 - Fréttamenn
 - Tökulið kvikmynda/sjónvarpsátta
 - Vísindamenn

Með kveðju,

Pórólfur Guðnason sóttvarnalæknir